

Viðauki

við rammásamning um sálfræðipjónustu við börn með geðraskanir, dags. 29. desember 2009

Eftirfarandi ákvæði bætast við 7. gr. samningsins:

Eftirfarandi gjaldliðir gilda einungis þegar um fjarmedferð er að ræða:

6. Myndviðtal. Sálfræðimeðferð barns, a.m.k. 45 mín.	100 ein.
7. Myndviðtal. Sálfræðimeðferð barns, a.m.k. 60 mín.	125 ein.
8. Myndviðtal. Ráðgjöf til forráðamanns barns, a.m.k. 45 mín.	100 ein.

Tímamælingar gjaldliða (6 til 8) er samskiptatími með sálfræðingi. Innifalið í taxa er undirbúningur og skráning í sjúkraskrá.

Sálfræðimeðferð með fjarbúnaði er heimilt að beita að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Að notaður sé samskiptabúnaður sem viðurkenndur er af Embætti landlæknis (EL).
- Áður en fjarþjónusta er veitt skv. ofangreindum gjaldliðum skal þjónustuveitandi senda SÍ staðfestingu á að hann uppfylli skilyrði EL um veitingu fjarheilbrigðisþjónustu, sbr. fyrirmæli landlæknis um upplýsingaöryggi við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu.
- Fjarmedferð eru ávallt að beiðni forráðamanns barns og skv. tilvísun frá geðlækni.
- Áður en þjónusta er veitt skal forráðamanni barns gerð grein fyrir kostnaði við þjónustuna.
- Á reikningi vegna þjónustu skal tilgreina gjaldlið og tímalengd hans.
- Samskipti skulu skráð í tímabók (dagbók) sálfræðings og færð í sjúkraskrá. Tímalengd myndsamtals liggur til grundvallar tímamælinga sem samskiptabúnaðurinn skráir sjálfkrafa.
- SÍ geta hvenær sem er kallað eftir sundurliðuðum upplýsingum frá sálfræðingu sem nýta ofangreinda gjaldliði til staðfestinga á að innheimt samskipti hafi átt sér stað og að form þeirra og tímalengd hafi verið samkvæmt þeim gjaldlið sem innheimt var eftir. Þær upplýsingar skulu veittar innan 14 daga, á rafrænu og reikningshæfu (computable) formi svo sem í Excel. Tekið skal fram að skjáskot, textaskjöl og þess háttar falla ekki undir reikningshæf gögn.
- Ofangreindir gjaldliðir eiga ekki við þegar um tímabókanir/afbókanir er að ræða.
- Ekki er gerð krafa um skriflega staðfestingu forráðamanns barns í fjarmedferð en ávallt skal skrifa sjúkraskrá þar sem fram kemur hvað fór fram í samtali eða meðferð.
- Óheimilt er að nota gjaldliði vegna fjarmedferðar með öðrum gjaldliðum.
- Vista skal rafræn gögn vegna fjarmedferðar í sjúkraskrá.

Ábendingar fyrir fjarmedferð:

- Veita börnum með gilda tilvísun í sálfræðimeðferð nauðsynlega meðferð sálfræðings, meðan COVID faraldur gengur yfir.

Skilyrði fyrir fjar meðferð:

- Barn þarf að hafa getu til að nýta sér fjar meðferð og tækjabúnað sem krafist er við slíka meðferð.
- Skilyrði fyrir meðferð er að forráðamaður eða annar fullorðinn einstaklingur í hans umboði sé til staðar til að sjá til þess að barnið sinni meðferðinni.

Viðauki þessi er gerður til að auðvelda börnum að fá nauðsynlega sálfræðimeðferð meðan á COVID-19 faraldri stendur og gildir frá og með 1. apríl 2020 til og með 30. júní 2020.

Reykjavík, 31. mars 2020

Viðauki þessi er undirritaður með rafrænum hætti.

Undirritunarsíða

F.h. Sjúkrtrygginga Íslands
Guðlaug Björnsdóttir

F.h. Sjúkrtrygginga Íslands
Ingibjörg Kr Þorsteinsdóttir